

Veiðimálastofnunin,  
Jón Kristjánsson,  
apríl 1976.

## Rannsóknir í Eyjafjarðará og Fnjóská 1975.

### INNGANGUR, aðferðir.

Viku af júlí var farið til rannsókna á ám í Eyjafirði. Árnar reyndust í svo miklum vexti, að ógerlegt var að gera neitt. Þær voru allar ískaldar og moldarlitaðar. Hér er þegar komin ein ástæðan fyrir því hve illa gengur með laxarékt í Eyjafjarðaránum. Þegar hlýnar fyrripart sumars, kólna árnar vegna þess hve mikið leysingaratn kemur í þær, og helst þetta oft langt fram eftir sumri.

18-21 júlí var aftur farið á svæðið og hafði talsvert sjatnað í ánum en þó voru þær enn í töluverðum vexti. Rannsóknir fóru þannig fram, að árnar voru skoðaðar með tilliti til straumlags og botngerðar, dýralíf var athugað á steinum, og veitt var með rafmagni á ýmsum stöðum. Þá voru tekin vatnssýni til efnagreiningar

Mæld var leiðni rafstraums í vatninu, og fást þannig upplýsingar um magn uppleystra steinefna, því meira af steinefnum, þeim mun betri lífsskilyrði. Kalsium og magnesium-innihald vatnsins var einnig mælt í sama tilgangi og sjást niðurstöður í töflu 2. Til samanburðar eru tölur úr ám og vötnum víðs vegar að af landinu.

### NIÐURSTÖÐUR.

#### A) Fnjóská.

Áin var skoðuð á ýmsum stöðum frá ósum að Illugastöðum, og veitt var með rafmagni á þrem stöðum, eins og fram kemur í töflu 1. Uppeldissvæði fyrir lax og silung eru bundinn við mosavaxna botninn sem er meðfram bökkum árinna. Úti í miðri á, þar sem botninn er grár á að líta, fundust engin seiði. Grjótið þar er víðast hvar of smátt miðað við straumpunga, þannig að botninn skriður, gróður festist ekki á honum og lítið skjól er fyrir fisk.

Svæðið við Steinkirkju var að heita má fisklaust, enda botninn smásteinóttur og sléttur og sennilega hreyfing á honum, straumur of mikill fyrir bleikju. Bestu uppeldisskilyrðin fundust við Veisusel, enda var bæði straumur og botngerð ákjósanleg. Þar fannst talsvert

af laxaseiðum, en vöxtur þeirra er fremur hægur 9,1 cm seiði var t.d. 4 vetra gamalt, og sumarseiðin varla laus við pokann.

Efnagreining á vatninu skýrir hve dýralíf í ánni er fátækt. Gildið fyrir leiðni er mjög lágt, það sýnir að innihald af uppleystum steinefnum er lítið, en þau eru undirstaða plöntulífs, og þar með annars lífs í vatni. Auk þess er hitastig árinna lágt að sumrinu.

Meginniðurstöður eru, að áin er köld og harðbýl, vatnið íhenni er næringarsnautt leysingavatn með léleg skilyrði til lífrænnar framleiðslu. Uppeldissvæði eru meðfram bökkum, og á nokkrum svæðum neðan Fnjóskárbrúar við Vaglaskóg, þar sem botninn er gróinn. Laxaseiði þrífast í ánni á takmörkuðum svæðum, lífsskilyrðin eru sennilega nálágt þeim vistfræðilegu mörkum sem laxinum eru sett og má því búast við sveiflum í afkomu seiðanna frá ári til árs.

#### Eyjafjarðará.

##### A) Ýmsar athuganir.

Mjög mikið vatn var í ánni á athugunartíma, og oft litað, þannig að ógerlegt var að stunda rafmagnsveiðar víðast hvar. Rafveiðin beindist því aðallega að lækjum og kvíslum í aðalánni.

Sem kunnugt er þá er áin lygn alla leið fram að Saurbæ eða þar um bil. Slík svæði, lygn með sléttum botni eru óheppileg uppeldissvæði fyrir fiskaseiði, sérstaklega lax. Botngerð og straumlag er víða allgott á svæðinu frá Saurbæ að Engjabakka, en botndýralíf er fremur fátæklegt enda áin harðbýl. Ástæðan er sú að vatnið er mest leysingarvatn og áin köld, sérstaklega fyrripart sumars, ef snjór er mikill frá vetrinum, sbr. sumarið 1975. Efnagreining sýnir að steinefnainnihald er mjög lítið (Tafla 2, bls. 5) (þess má geta að eimað vatn hefur leiðnina 5-10) Þetta veldur gróðri og dýralífi erfiðleikum.

##### B) Rafmagnsveiði

Tafla 1, sýnir niðurstöður rafmagnsveiðinnar. Lítið varð vart við laxaseiði. Ekki er það þó alveg að marka vegna þess að ekki var hægt að veiða úti í ánni, þar sem laxaseiðin halda sig væntanlega mest. Ljóst er að sleppingar laxaseiða við Engjabakka hafa misheppnast. Engin seiði fundust, en veiðiskilyrði voru allsæmileg.

Mikið af bleikjuseiðum var í Hestvatnslæk, hann hefur jafnara hitastig en aðaláin, og fær næringu frá lífrænni framleiðslu í Hestvatni. Athyglisvert var að sáralítið fannst af seiðum ofan við ós læksins í ána, neðan við ósinn var hinsvegar mikið af fiski, þó ekki eins mikið og í læknum sjálfum.

Almennt má um ána segja að hún sé köld næringarlítil dragá og hafi ekki uppeldisskilyrði fyrir lax, eini fiskurinn sem getur þrifist í henni er bleikja, en hún er okkar harðgerasti vatnafiskur. Eina vonin til þess að viðhalda laxveiði í henni er bundin við gönguseiðasleppingar.

TAFLA 3.

Aldur og vöxtur á bleikjuseiðum úr Eyjafj.á og Fnjóská.

Staður	Dags.	Meðallengd aldursflokka í cm.		
		0+	1+	2+
Fnjóská	18.07.75	3,3 <sup>±</sup> 0,2	7,3 <sup>±</sup> 0,2	10.6 <sup>±</sup> 0,3
Eyjafjarðaá	19.07.75	3,5	6,9	
Hestvatnslækur, v/Eyjafjarðará	19.07.75	4,0	7,1	10,1

TAFLA 1.

Niðurstöður úr rafmagnsveiði í Fnjóská og Eyjafjarðará 1975.

Staður	Vatnshiti.	Stærð veiðisv. m <sup>2</sup>	Fjöldi veiddra fiska. bleikja lax	Veðni tækis %	Áætlaður seiðafj. pr. 100m <sup>2</sup>	Aths.
1) Fnjóská /Vaglaslógur	9,0	100	24	30	83	Mosabelti m. landi
2) Fnjóská /steinvirkja	7,8	150	1	25	4	Möl gróðurlítil
3) Fnjóská /Veisusel	8,4	250	24	25	67	Stórir steinar, gróður
1) Eyjafj. á v. Nes	7,1	150	45	25	125	Kvísl úr aðalá malarbotn m. grjóti
2) Eyjafj. á v. Engjabakka	8,0	100	2	25	8	Grófur botn gróður, lítið æti
3) Eyjafj. á v. tjaldbakka	8,0		engin veiði, áin tær og dauðaleg			
4) Eyjafj. á v. Melgerði austan megin	11,4		áin vatnsmikil, lituð óvæð, sáralítið fannst af seiðum (bleikju)			
5) Neðan Hestvatnslækjar	7,4	100	82	50	164	
6) Hestvatnslækur	8,8	15	68	50	906	
7) Ofan v/Hestvatnslæk	6,9	lítil sem engin veiði.				

TAFNA 2. Efnagrennis á vatni.

VATNSGÆÐI

STAÐUR	DAGS	t °C	RÝNI m	LITUR	PH	LEIÐNI R 25	Ca <sup>++</sup> mg/l	Mg <sup>++</sup> mg/l	Ca+Mg mg/l
EYJAFJARÐARÁ	050775			*		15	1.9	0.64	0.147
FNJÖSKÁ	180775	9.0		*		20	2.6	0.77	0.193
KJÓSAVATN	180775			*		35	3.8	1.25	0.292
STÓRA-LAKA	170872	10.7		*	7.4	69	3.82	1.61	0.32
SOG	170872	9.1		*	7.4	74	3.4	1.34	0.28
FOSSÁ	170872	11.2		*	7.5	91	5.4	2.68	0.49
SKORRADALSUATN	280872			*	7.5	57	2.3	1.4	0.23
VESTMANNSVATN	29.074			*	7.8	80	6.4	2.82	0.55
STÓRIÆKUR, LANGAVÆSI	150775					85	5.6	2.86	0.515
KUKKUVISK, KILI	040775			*		55	2.9	1.28	0.249

MYND 1.

BLEIKJA FNJÖSKIA 18/7 75

FJÖLDI FISKIA I SVIGA.

LENGD . CM

ALDUR I VETRUM.

